

25. nóvember 2020

Skólaráðsfundur Ártúnsskóla

Fundurinn að þessu sinni var í fjarbúnaði vegna covid 19. Guðrún Bára aðstoðarskólastjóri stýrði fundinum og starfsfólk skólans og nemendur voru saman í tölvustofu og foreldrar tóku þátt að heiman.

Farið var yfir niðurstöður skólans í samræmdum könnunarprófum. Þegar horft er á heildarmyndina þá eru fleiri hjá okkur í hærri einkunnum en almennt gerist á landinu.

Niðurstöður lesfimi árganganna voru kynntar og árgangarnir hjá okkur eru á pari í samanburði við landið. Kennarahópurinn hefur verið að rýna í lesturinn m.a. til að fylgja eftir heimalestrarbókinni sem er í öllum árgöngum. Við teljum okkur þurfa að hafa lesturinn sýnilegri, meira aðhald bæði í skóla og heima og leita nýrra leiða til að vekja áhuga nemenda. Ætlum að auka vægi lestarviðurkenninga á sal og heimasíðu.

Skólabúðir voru næstar á dagskrá, fyrirhuguð er ferð að Reykjum í Hrótafirði með nemendur í 7. bekk 15. – 19. mars ásamt Selásskóla og Árbæjarskóla. Staða samfélagsins í covid mun stjórna því hvort hægt verður að fara. Foreldri í 7. bekk ætla að athuga með stöðu söfnunar fyrir ferðinni.

Niðurstöður skólapúlsins hafa verið birtar á heimasíðu skólans, undir mat á skólastarfi. Mælingin er frá því í október og nemendur í 6. og 7. bekk taka þátt ár hvert. Aukning er í svörum um einelti í ár. Hafin er vinna í bekknum til að bæta samskipti. Að þessari vinnu koma umsjónarkennarar, námsráðgjafi og búið er að ráða inn aukalega stuðningsfulltrúa í bekkinn. Þessi vinna er í samstarfi við sálfræðing og hegðunarráðgjafa á Þjónustumiðstöð.

Skólahald í desember. Við leggjum áherslu á að það ár hvert að skólahald sé að mestu hefðbundið en í hægari takti og snúist um samveru og notalegheit. Munum leggja áherslu á Grenndarskóginn og útiveru. Fyrsti bekkur mun sækja jólatré í grenndarskóg og svo verðum við að spila jólahald eftir því hvað samkomubönn leyfa. Nokkuð ljóst að það verði ekki jólaleikrit eins og hefð er fyrir en hugmyndir eru í vinnslu um að vinna í staðin stutt myndbönd til að senda út. Munum samt reyna að gera eins vel og við getum, erum byrjuð að skreyta skólann með jólaljósum og munum gera okkur glaðan dag í desember. Vonumst eftir því að eftir 1. desember verði hægt að fara í hefðbundið skólahald á ný.

Fjárhagsstaða skólans er betri og er innan marka fjárlaga eins og staðan er í dag.

Fundarritari:

Guðrún Bára Gunnarsdóttir